### SJÓNVARPIÐ

11.00 **Fræðsluvarp – Endursýning.** Ár gnýsins (50 mín.). Fararheill.
12.00 **Hlé.**
13.45 **Enska bikarkeppnin.** Bein útsending frá úrslitaleiknum í ensku bikarkeppninni á Wembley-leikvangnum í Lundúnum milli Liverpool og Everton. Umsjón Bjarni Felixson.
16.00 **Íþróttaþátturinn.** Svipmyndir frá landsleik Íslands og Englands í knattspyrnu frá kvöldinu áður, fjallað verður um Íslandsmótið í knattspyrnu og Smáþjóðaleikana á Kýpur.
18.00 **Íkorninn Brúskur (22).** Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Leikraddir Aðalsteinn Bergdal. Þýðandi Veturliði Guðnason.
18.25 **Bangsi besta skinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30. Síðan fjallar Sigurður G. Tómasson um fréttir vikunnar, fluttar verða þingfréttir og Jón Örn Marinósson flytur þjóðmálapistil.
20.20 **Réttan á röngunni.** Gestaþraut í Sjónvarpssal. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
20.45 **Lottó.**
20.50 **Fyrirmyndarfaðir** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarföðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Framhald
21.20 **Fólkið í landinu.** Svipmyndir af Íslendingum í dagsins önn. Svartfugl við ósa Blöndu. Rætt við þá sem leika í Leikfélagi Blönduóss. Umsjón Gísli Sigurgeirsson.
21.45 **Iðgrænn skógur** (Emerald Forest). Bandarísk bíómynd frá 1985. Leikstjóri John Boorman. Aðalhlutverk Powers Boothe, Meg Foster og Charley Boorman. Bandarískur verkfræðingur vinnur við stíflugerð í Amasonfrumskógunum. Dag nokkurn týnist sjö ára sonur hans og hefst þá hættuleg og erfið leit. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
23.35 **Hver myrti forsetann?** (Winter Kills). Bandarísk bíómynd frá 1979. Leikstjóri William Richert. Aðalhlutverk Jeff Bridges, John Huston, Anthony Perkins, Sterling Hayden og Eli Wallach. Nick Kegan ákveður að að rannsaka morðið á eldri bróður sínum upp á eigin spýtur. Ekki eru allir jafnhrifnir af því framtaki því bróðir Nicks var forseti Bandaríkjanna. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
1.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

### STÖÐ 2

9.00 **Með Beggu frænku:** Glóálfarnir, Snorkarnir, Tao Tao, Litli töframaðurinn, Litli pönkarinn og Kiddi, allar með íslensku tali.
10.35 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
11.00 **Klementína.** Teiknimynd með íslensku tali um litlu stúlkuna Klementínu sem lendir í hinum ótrúlegustu ævintýrum.
11.30 **Fálkaeyjan.** Ævintýramynd í 13 hlutum fyrir börn og unglinga. 11. hluti.
12.00 **Ljáðu mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
12.25 **Lagt í'ann.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum þriðjudegi.
12.50 **Kyrrð norðursins.** Silence of the North. Myndin byggist á ævisögu Olive Fredrickson. Lengst af bjó hún í óbyggðum Norður-Kanada og háði hetjulega hina hörðu baráttu landnemanna. Aðalhlutverk: Ellen Burstyn og Tom Skerritt.
14.25 **Ættarveldið.** Dynasty. Framhaldsþáttur.
15.15 **Myndrokk.**
**15.40 Blóðrauðar rósir.** Blood Red Roses. Endurtekin framhaldsmynd í tveim hlutum. Fyrri hluti. Aðalhlutverk: Elizabeth MacLennan, James Grant og Gregor Fisher.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Heimsmetabók Guinness.** Spectacular World of Guinness. Ótrúlegustu met í heimi er að finna í heimsmetabók Guinness. Að þessu sinni fylgjumst við með kappklifri upp 100 feta háa trjáboli.
20.30 **Ruglukollar.** Marblehead Manor. Snarruglaðir, bandarískir gamanþættir með bresku yfirbragði. Aðalhlutverk: Bob Fraser, Linda Thorson, Phil Morris, Rodney Scott Hudson og Paxton Whitehead.
20.55 **Fríða og dýrið** Beauty and the Beast. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur með ævintýralegu sniði. Aðalhlutverk: Linda Hamilton og Ron Perlman.
21.45 **Móðurást.** Love Child. Áhrifamikil mynd byggð á sönnum atburðum. Ung stúlka, Terry Jean Moore er handtekin fyrir fimm dollara þjófnað og fær sjö ára fangelsisdóm. Þrátt fyrir að þetta sé hennar fyrsta brot telur dómarinn þennan dóm engan veginn of harðan. Meðan Terry bíður þess að vera flutt í ríkisfangelsið flækist hún inn í fangauppreisn og er sögð forsprakki hennar. Aðalhlutverk: Amy Madigan, Beau Bridges og McKenzie Phillips. Leikstjóri: Larry Peerce. Alls ekki við hæfi barna.
23.20 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
0.10 **Bekkjarpartí.** National Lampoon's Class Reunion. Eldfjörug gamanmynd um skólafélaga sem hittast á tíu ára útskriftarafmæli. '72 árgangurinn úr Lizzie Borden skólanum heyrði söguni til en... Aðalhlutverk: Gerrit Graham, Michael Lerner og Fred McCarren.
1.25**Dagskrárlok.**

### Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ingólfur Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **„Góðan dag,** góðir hlustendur". Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn:** „Á Skipalóni" eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les sjötta lestur. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir leitar svara við fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Ríkisútvarpsins.
9.30 **Tónlist.**
9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Sígildir morguntónar.** Sópransöngkonan Jill Gomez og píanóleikarinn John Constable flytja kabarettsöngva. (Af hljómdiski)
11.00 **Tilkynningar.**
11.03 **Í liðinni viku.** Atburðir vikunnar á innlendum og erlendum vettvangi vegnir og metnir. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.
14.00 **Tilkynningar.**
14.02 **Sinna.** Þáttur um listir og menningarmál. Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
15.00 **Tónspegill.** Þáttur um tónlist og tónmenntir á líðandi stund. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.30 **Ópera mánaðarins:** „Cavalleria Rusticana" eftir Pietro Mascagni. Renata Scotto, Placido Domingo, Pablo Elvira, Isola Jones og Jean Kraft syngja með „National" Fílharmóníusveitinni; James Levine stjórnar. Jóhannes Jónasson kynnir.
18.00 **Gagn og gaman –** Liljur málarans Claude Monet. Ferðasaga Lilju skrifuð af Kristínu Björk og Lenu Anderson. Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Hvað skal segja?** Umsjón: Ólafur Þórðarson.
20.00 **Litli barnatíminn:** „Á Skipalóni" eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les sjötta lestur. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Vísur og þjóðlög.**
20.45 **Gestastofan.** Umsjón: Gunnar Finnsson. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Sigurveig Hjaltested syngur lagaflokkinn „Bergmál" eftir Áskel Snorrason. Fritz Weisshappel leikur með á píanó.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmoníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Nær dregur miðnætti.** Kvöldskemmtun Útvarpsins á laugardagskvöldi. Stjórnandi: Hanna G. Sigurðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

### RÁS 2
FM 90,1

3.00 **Vökulögin.**
8.10 **Á nýjum degi.** Þorbjörg Þórisdóttir gluggar í helgarblöðin og leikur bandaríska sveitatónlist.
10.05 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **„Að loknum hádegisfréttum".** Gísli Kristjánsson leikur létta tónlist og gluggar í gamlar bækur.
15.00 **Laugardagspósturinn.** Skúli Helgason sér um þáttinn.
17.00 **Fyrirmyndarfólk.** Lísa Pálsdóttir tekur á móti gestum og bregður lögum á fóninn.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Kvöldtónar.** Tónlist af ýmsu tagi.
22.07 **Út á lífið.** Óskar Páll Sveinsson ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Hrafn Pálsson deildarstjóra sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi.)
3.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Ólafur Már Björnsson.** Það leynir sér ekki að helgin er byrjuð þegar Ólafur mætir á vaktina. Hann kemur öllum í helgarskap með skemmtilegri tónlist úr ýmsum áttum.
13.00 **Kristófer Helgason.** Leikir, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi. Uppáhaldslögin og kveðjur í síma 61 11 11.
18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
2.00 **Næturdagskrá.**

### Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
13.00 **Margrét Hrafnsdóttir. Loksins laugardagur.** Hressilegir þættir uppfullir af skemmtiefni, fróðleik, upplýsingum og góðri tónlist. Gestir koma í heimsókn og gestahljómsveitir Stjörnunnar leika tónlist í beinni útsendingu úr hljóðstofu. Stórgóðir þættir með hressu ryksugurokki og skemmtilegum uppákomum. Magga í sannkölluðu helgarstuði.
18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
2.00 **Næturstjörnur.**

### Rót Útvarp FM 106,8

6.00 **Meiri háttar morgunhanar.** Björn Ingi Hrafnsson og Steinar Björnsson snúa skífunum.
10.00 **Útvarp Rót í hjarta borgarinnar.** Bein útsending frá markaðinum í Kolaporti, litið á mannlífið í miðborginni og leikin tónlist úr öllum áttum.
15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
17.00 **Laust.**
18.00 **Frá vímu til veruleika.** Krýsuvíkursamtökin
18.30 **Ferill og „FAN".** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** til morguns með Steinari K. og Reyni Smára. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

### ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **MH.**
16.00 **IR.**
18.00 **KV.**
20.00 **FB.**
22.00 **FÁ.**
24.00 **Næturvakt Útrásar. Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.**
04.00 **Dagskrárlok.**

### ALFA FM·102,9

17.00 **Vinsældaval Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
19.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
22.30 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon. (Endurtekið næsta föstudagskvöld.)
0.30 **Dagskrárlok.**

### SKY CHANNEL

4.30 **Tískuþáttur.**
5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Íþróttaþáttur.**
11.00 **Fjölbragðaglíma.**
12.00 **Kvikmynd.**
13.50 **Transformers.** Teiknimynd.
14.00 **Planet Of Apes.** Spennumyndaflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Lítil kraftaverk.** Gamanþáttur.
16.30 **Neyðartilfelli.** (Emergency).
17.30 **Ástarfleyið.** (The Love Boat).
18.30 Kvikmynd.
20.30 **Fjölbragðaglíma.**
21.30 **Poppþáttur.**

### EUROSPORT

16.00 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Mazda's Eye On Sport.** Fréttir og fleira.
18.00 **Tennis.** Italian Men's Open í Róm.
20.00 **Knattspyrna.** Undankeppni Heimsmeistarkeppninnar.
22.00 **Rugby.**
23.00 **Íþróttakynning Eurosport.**



**Jeff Bridges leikur bróður hins myrta forseta.**

## Sjónvarp kl. 23.35:

# Hver myrti forsetann?

Við dauða bróður síns er Nick einkaerfingi að milljörðum dollara sem faðir þeirra lét eftir sig. Bróðirinn hafði verið myrtur og Nick er beittur miklum þrýstingi til að rannsaka morðið. Þegar hann hefst handa finnst mörgum sér ógnað og hann verður áþreifanlega var við að ekki er allt með felldu, enda var hinn myrti bróðir forseti Bandaríkjanna.

Spurningin er: hver myrti bróðurinn? Var það CIA, Mafían, Sovétmenn, faðir bræðranna eða nýfasistarnir? Sótt er að Nick úr öllum hornum og hann steypist í framandi heim þar sem engum er treystandi en lygi og svik eru algengari en sannleikurinn.

Fjöldi stórleikara kemur fram í myndinni en Jeff Bridges er í aðalhlutverkinu. Meðal annarra leikara eru John Huston, Anthony Perkins, Eli Wallach og fleiri. Myndin fær tvær og hálfa stjörnu í kvikmyndahandbókinni og þykir John Huston fara sérstaklega vel með sitt hlutverk.

-JJ

## Rás 1 kl. 16.30:

# Cavaleria Rusticana

## – ópera maímánaðar

Óperuna Cavaleria Rusticana samdi Pietro Mascagni árið 1880. Um það leyti komu fyrstu óperurnar fram sem fjölluðu um alþýðufólk og samtímaefni en Mascagni var einn brautryðjendanna.

Óperan er einþáttungur sem gerist í sveitaþorpi á Sikiley á síðustu árum 19. aldar. Hér ríkir það samfélag sem ætlast til blóðhefnda fyrir vansæmd. Þegar Turiddu kemur heim úr herþjónustu nær hann ástum bóndastúlkunnar Santuzzu. Hann svíkur hana og leitar eftir ástum fyrrverandi kærustu, Lolu, sem nú er kona ekilsins Alfious. Í hefndarskyni kemur Santuzza upp um leynilega ástarsambandið. Slík vanvirðing verður aðeins þvegin burtu með blóði.

Helstu söngvararnir í þessari uppfærslu eru Renata Scotto, sem syngur Santuzzu, Placido Domingo er í hlutverki Turiddus, Pablo Elvira sem Alfio og Isola Jones sem Lola. Hljómsveitarstjóri er James Levin en Jóhannes Jónasson kynnir.

-JJ



**Vinkonurnar JJ og Terry standa þétt saman innan veggja fangelsisins.**

## Stöð 2 kl. 21.45:

# Móðurást

Kvikmynd kvöldsins á Stöð 2 er byggð á sannsögulegum atburðum. Terry Jean Moore var handtekin fyrir að stela nokkrum dollurum, sakfelld og dæmd til fangelsisvistar. Lífið er nöturlegt þar innnan veggja en Terry eignast vinkonu sem kölluð er JJ. Þegar í ljós kemur að Terry er barnshafandi hefst barátta hennar til að halda barninu. Faðirinn vill fá umráðaréttinn dæmdan sér en Terry heyr harða baráttu fyrir sig og barnið.

Myndin fær tvær stjörnur í kvikmyndahandbókinni og telst þokkaleg. Með aðalhlutverk fara Mackenzie Phillips, Amy Madigan og Beau Bridges. Myndin er alls ekki við hæfi barna.

-JJ